

**stundum** *ao*

– stundum er erfitt að skilja íslensku

‡ • stund, stunda « alltaf, aldrei

**mjög** *ao*  
[meir(a), mest]

– þetta var mjög skemmtilegt

‡ mjök » afar, mikið

**enn, ennþá** *ao*

– ég skil þetta ekki ennþá

‡ • en

**minn** *fn*  
[mín, mitt; mínir, mínar, mín]

– þetta er taskan mín

‡ • sinn, þinn

**kraft-ur** *kk – hestur*  
[-s, -ar]

– það er mikill kraftur í vélinni  
– hún er góður starfskraftur

‡ kraptur » styrkur

**haust** *hk – hús*  
[-s, -]

– skólarnir byrja á haustin

‡ « vor

**hrist-a** *so vb-i – heyra*  
[-i]

– hristist fyrir notkun!

‡

**flokk-ur** *kk – hestur*  
[-s, -ar]

– hann er bestur í sínum flokki

‡ flokkur

**hreins-a** *so vb-a – kalla*  
[-aði]

– það verður að hreinsa göturnar

‡

**bakk-i** *kk – tími*  
[-a, -ar]

– hann kom með kaffi og kökur á bakka

‡

**ský** *hk – hús J*  
[-s, -]

– það sá ekki ský á himni

‡

**þreytt-ur** *lo – gular*  
[-, -; -ari, -astur]

– hún er of þreytt til að læra

‡ • þreyta

**sjóða** *so sb-2 – bjóða*  
[sauð, suðum, soðið]

– ég sauð ýsu

‡

**gróf-ur** *lo – gular*  
[-, -t; -ari, -astur]

– peysan er úr grófri ull

‡ grófr

**þjón-a** *so vb-a – kalla*  
[-aði]

– hún lætur þjóna sér

‡ • þjónn, lögregluþjónn, þjónusta

**flókin-n** *lo – gular B S*  
[-, flókið; flóknari, flóknastur]

– þetta er ekki flókið dæmi

‡